

# Skólapræðir – nýtt vefrit um skólapróun

Nú hefur bæst í vef-flóru Menntamiðju vefurinn Skólapræðir sem var opnað fyrir í gær. Vefritið er gefið út af Skólapróun – samtaka áhugafólks um skólapróun og unnið í samstarfi við Menntamiðju. Í Skólapræðum eru birtar greinar um þróunarstarf og annað áhugavert sem er að gerast í skólum landsins.



Í fyrstu útgáfu Skólapræða eru sjö greinar sem fjalla um skólastarf á öllum skólastigum. Má t.d. nefna áhugaverðar greinar um heimspekikennslu í skólum, um nýjar bækur tengdar námi og kennslu, kennslufræði og margt fleira.

---

## Opnið netnámskeið um stafræna borgaravítund og ábyrga netnotkun: könnun um áhuga og áherslur?

Fyrirhugað er að bjóða upp á námskeið, eitt eða fleiri, á netinu um stafræna borgaravitund (e. digital citizenship) og ábyrga netnotkun. Námskeiðið eða námskeiðin verða væntanlega í boði árið 2017, opið/opin öllum án þátttökugjalds en markhópar eru skólafólk, foreldrar og aðrir sem koma að uppeldi og menntun barna og unglunga. Sérstaklega er litið til hönnunar námskeiðsins Samspil 2015 – UT átak Menntamiðju sem hugsanlega fyrirmynd um skipulag nýja námskeiðsins (sjá <http://samspil.menntamidja.is/>).



Þér er hér með boðið að taka þátt í könnun sem er liður í undirbúningi fyrir hönnun og skipulag námskeiða af þessum toga.

Slóðin á könnunina er <https://goo.gl/forms/ZTb0GkAMnib1C3fx2>

Áætla má að svörun í þessari könnun taki um 5 til 10 mínútur.

Í von um góða þátttöku.

Kær kveðja

Sólveig Jakobsdóttir